

Nd.

297. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu.

Frá flutningsmönnum.

1. Aftan við 2. gr. 4. lið bætist:

þó svo, að eigi komi í bága við þegar gjörða samninga og ráðstafanir um verk eða loforð um lánveitingar á þessu ári.

2. Í stað fyrri málsgr. 3. gr. komi:

Landsstjórninni er og heimilt, með ráði nefndarinnar, að leggja bann að einhverju leyti eða öllu við útflutningi eða sölu úr landi á öllum aðfluttum nauðsynjavörum, svo sem matvælum, veiðarfærum, salti, kolum o. s. frv., ef slík ráðstöfun skyldi reynast nauðsynleg vegna yfirvofandi eða hafins Norður-álfu-ófriðar. — Þó má eigi meina skipum að taka hjer kol eða aðrar birgðir, er þeim eru nauðsynlegar til þess að komast heim til sín.

Á sama hátt heimilast landsstjórninni, með ráði nefndarinnar, að leggja bann við útflutningi íslenskra matvæla, ef aðflutningur til landsins af útlendum matvörum heftist svo, að til voða horfi fyrir landsmenn.

3. 4. gr. orðist svo:

Landsstjórnin ákveður, með ráði nefndarinnar, hvort gera skuli framan- greindar ráðstafanir og hve nær, svo og á hvern hátt skuli ráðstafa birgðum þeim, sem keyptar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, og hvernig skuli selja þær.

Ennfremur má landsstjórnin, með ráði nefndarinnar og ef almennings- þörf í einhverju bygðarlagi krefur, taka eignarnámi matvæli hjá kaupmönnum eða framleiðendum, enda komi fult endurgjald fyrir.